



Hluti úr aðalskipulagi Bláskógabyggðar - (Laugardalshrepps) 2000-2022, ekki í mælikvarða og brotin hringlína til skýringar.

**Greinargerð:**  
**Almennt.**

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Laugarvatns - þéttbýli frá 2012. Færa þarf fjarskiptastöð Mílu úr núverandi stímsstöð á Dalbraut 10. Nýtt staðarval stöðvarinnar byggir m.a. á fjarskiptastrengjum sem liggja á þessu svæði, bæði koparstrengjum og ljósleiðara. Staðurinn samsvarar jafnframt til núverandi GSM sendistað Símans á Laugarvatni. Búast má við miklum vexti á slíkrri þjónustu með tilkomu GSM-3 og stendur einnig fyrir dyrum uppsetningu á nýri kynslóð, GSM-4, sem er hraðvirkari tækni með meiri bandbreitt. Tækin krefjast þess að sendistaðir séu fleiri en þeir eru í dag og er það því töluvert hagsmunamál fjarskiptanotenda í Bláskógabyggð.

**Gildandi aðalskipulag:**

Í aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2022, nú Bláskógabyggð, er ekki fjallað sérstaklega um fjarskipti eða staðsetningu fjarskiptamastra, en lögð áhersla á góðar samgöngur og góð skilyrði fyrir ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Núv. mastur er innan þéttbýlisins á svæði sem flokkast sem miðsvæði. Landnotkun á nýrri fjarskiptalóð er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (almennt útivistarsvæði), skv. skipulagsreglugerð nr.400/1998. Breyting þessi er því í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag.

**Forsendur breytingar:**

Breytingin felst í því að lóð nr. 12 við Dalbraut er minnkuð um leið og stofnuð er ný lóð nr. 14 fyrir fjarskiptastöð norðan við húsið. Í kjölfarið verður núverandi stöð á húsi nr. 10 við Dalbraut 10 fjarlægð. Breyting þessi er gerð að beiðni Mílu og tryggir hún áframhaldandi og bætt fjarskiptasamband við Laugarvatn og nágrenni.

Ný lóð fjarskiptastöðvar er 165m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa 18m háan stálstölpa á lóðinni og 15m<sup>2</sup> tækjahús með aðkomu frá Torfholti.

**Gildandi deiliskipulag:**

Í gildandi deiliskipulagi „Laugarvatn DEILISKIPULAG ÞÉTTBÝLIS“ dags. 21. maí 2012 er á bls. 17 m.a. fjallað um spennistöðvar og breytist hann með eftirfarandi hætti:

**3.5 Spennistöðvar**

Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum spennistöðvum og eru þrjár þeirra nú þegar komnar. Ráðgert er að flytja tvær þeirra og er ný staðsetning fundin í samráði við Rarík og ein ný er staðsett nyrst á skipulagssvæðinu, milli hesthúshverfis og ferðaþjónustureits. Um hverja spennistöð er afmörkuð lóð. Einungis er heimilt að reisa spennistöð innan lóðanna.


Texti í greinargerð bls. 17 eftir breytingu:

**3.5 Spennistöðvar og fjarskiptastöðvar**


Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum spennistöðvum og eru þrjár þeirra nú þegar komnar. Ráðgert er að flytja tvær þeirra og er ný staðsetning fundin í samráði við Rarík og ein ný er staðsett nyrst á skipulagssvæðinu, milli hesthúshverfis og ferðaþjónustureits. Um hverja spennistöð er afmörkuð lóð. Einungis er heimilt að reisa spennistöð innan lóðanna.

Einnig er gert ráð fyrir nýrri lóð fyrir fjarskiptastöð norðan við Dalbraut 12 og að núverandi stöð í gamla pósthúsinu við Dalbraut 10, verði í kjölfarið lögð niður.


Að öðru leyti haldast skilmálar deiliskipulagsins óbreyttir.



Gildandi deiliskipulag fyrir breytingu, mkv. 1 : 2.000



Deiliskipulag eftir breytingu, mkv. 1 : 2.000



Skýringarmynd, mkv. 1 : 1.000


Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 m.s.br. frá 5/5 til 3/6 11/14 var samþykkt í sveitarstjórn þann 3/4 2014

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 1/7 2014

*[Signature]*  
Skipulags- og byggingarmálfundur  
Uppsveita bs.


Tákn	Skýringar	Tákn	Skýringar	Tákn	Skýringar
[White box]	Deiliskipulagsmörk	[Yellow box]	Lóðamörk	[M in box]	Miðlunartankur
[Light grey box]	Svæði sem breytingin nær til	[000 m <sup>2</sup> box]	Stærð lóðar í fermetrum	[Grey box]	Umferðargata
[Yellow box]	Núv. hús	[Dashed box]	Byggingarreitur, hámark	[Line box]	Gangbraut
[Dashed box]	Víkjandi hús	[00 box]	Húsnúmer	[Red line]	Aðal göngu/hjólaleið
[Green box]	Græn svæði - grenndarsvæði	[Arrow box]	Mænistefna	[Orange line]	Gönguleið
[Light green box]	Hættusvæði - náttúruvá	[2h box]	Hæðir húsa	[Yellow line]	Útivistarstígur
[Box with lines]	Bílastæði innan lóðar, lega leiðbeinandi	[Z box]	Spennistöð	[Purple line]	Reiðstígur
		[F box]	Fjarskiptastöð		



Fjarskiptastöð við Torfholt - lang- og þversnið, mkv. 1 : 1000

Breyting 2. apríl 2014 - lóð fjarskiptastöðvar færð nær Dalbraut 12. skv. samþykkt skipulagsnefndar.

**BLÁSKÓGABYGGÐ - fjarskiptastöð Mílu**  
Laugarvatn - tillaga að breytingu deiliskipulags



LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

Mælikvarði 1:1000/2000 í A3 Teikning nr: 001

Dags. teikn: 24. mars 2014 Hannað af: oh

Teikn. breytt: Teiknað af: oh

Verknúmer: 213-036 Yfirl. / Undirskr.: Yfirl. / Undirskr.: